

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um endurskoðun á lögum um fjáröflun til vegagerðar og álögur á landflutninga.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hvenær var skipuð sú nefnd sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði til að ráðherra skipaði til að taka lög in um fjáröflun til vegagerðar til heildarendurskoðunar, sbr. þskj. 973, 223. mál á 125. löggjafarþingi? Hvað líður störfum nefndarinnar?
2. Hver er skýringin á því að áætlað er að tekjur af þungaskatti aukist á árinu 2001 þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir auknum álögum á landflutninga við síðustu breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að við endurskoðun á lögnum verði dregið úr áhrifum stórfelldra olíuverðshækkana á flutningskostnað með því að lækka álögur á landflutninga?

Skriflegt svar óskast.